

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 893 (17.1.2019) - Starf sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs - þarfagreining og auglýsing

Málsnúmer : 201901056

Málsaðili : Dalvíkurbyggð - sveitarstjórn

Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram

Fundardagur : 17.01.2019

Inngangur : Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson vék af fundi kl. 13:00 vegna vanhæfis og varamaður hans, Þórunn Andrésdóttir, sat fundinn undir þessum lið í hans stað.

Til umræðu þarfagreining og auglýsing á starfi sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar þar sem Hlynur Sigursveinsson hefur látið af störfum sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að starfið verði auglýst laust til umsóknar og samþykkir jafnframt að leita til Capacent hvað varðar aðstoð við ráðningarferlið.

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela ráðningarnefnd að yfirfara starfslýsingu fyrir starfið og gera tillögu að auglýsingu um starfið.

Þórunn vék af fundi kl. 13:35.